

Eva Björk Sverrisdóttir

Garðabær, 30. júlí 2025

202507-0152/I.M.B.

10.01.01

Rannsóknarleyfi - Þjórsárver og Vatnajökulspjóðgarður

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Evu Bjarkar Sverrisdóttur, dagsett 25. júlí 2025 um leyfi til rannsókna í Þjórsárverum og Vatnajökulspjóðgarði.

Vatnajökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. [lög nr. 60/2007](#). Samkvæmt 15. gr. b. laganna skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarðinum, svo sem til kvikmyndunar, listviðburða, samkomuhalds og rannsókna. Þjóðgarðsverði er heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru. skv. 2. mgr.

Þjórsárver eru friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 870/2017](#). Allar athafnir sem geta raskað rústamýrarvist á svæðinu eru óheimilar. Allt rask á jarðmyndunum er óheimilt í friðlandinu, þ.m.t. áletranir hvers konar, efnistaka úr jökulgörðum o.s.frv. nema með sérstakri heimild Náttúruverndarstofnunar. Allar framkvæmdir, svo sem jarðrask og mannvirkjagerð, sem haft geta í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýrarvist og öðrum vistgerðum er óheimil í friðlandinu.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Náttúruverndarstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir uppsetningu fjögurra mælitækja, þann 2. ágúst 2025, vegna rannsókna á dýpi og merkis möttulstróks undir Íslandi með MT viðnámsmælingum. Setja þarf upp mælitæki við vestan Þjórsárlóns, við Urðarháls og vestan Snæfells. Staðsetning fjórða tækisins er utan friðlýsts svæðis og því ekki háð leyfi Náttúruverndastofnunar. Hnit sem sýna nákvæma staðsetningu fylgdu umsókninni. Um er að ræða uppsetningu mæla í opnu landslagi, þar sem rafskaut og segulmælar eru lagðir út frá miðpunkti stöðvarinnar. Kaplarnir munu liggja ofan á jörðinni og verða tryggðir með steinum til að haldast stöðugir. Rafskautin og segulmælarnir verða lagðir út í höfuðáttir, um 100 m í hvora átt frá miðpunkti, þar sem mælitækið er. Með rafskautunum verður sett bentonite sem er fínkorna, leirsteind sem myndast við efnabreytingar á basalti eða gjósku. Auðvelt er að fjarlægja bentonitið svo enginn efnaúrgangur verður eftir á svæðuðun. Þrír segulmælar eru grafnir niður aðeins til að tryggja stöðugleika í mælingu (5-10 cm dýpi) en ein stanganna þyrfti svo að vera lóðrétt niður í jörðinni á um 30-40cm dýpi. Þvermál stanganna er um 3cm og lengd þeirra um 30cm. Mælitækin eru af gerðinni LEMI-417 sem safna gögnum um náttúruleg raf-og segulsvið jarðar í fimm rásam. Hvert tæki er knúið með einni 12V 100Ah rafhlöðu. Rafhlöðurnar eru viðhaldsfrjár, lokuð GEL-gerð, án gaslosunar eða leka.

Markmiðið er að hafa mælana í gangi í 2-3 vikur en þá verða þeir sóttir. Gengið verður með mælana frá vegi að rannsóknarstað.

Áhrifamat:

Að mati Náttúruverndarstofnunar er verkefnið ekki líklegt til að rýra verndargildi, raska líkríki eða jarðminjum svæðanna ef skilyrðum leyfisins er fylgt.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir Evu Björk Sverrisdóttur fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu mælitækja sbr. lýsingu hér að ofan þann 2. ágúst 2025 og að þau standi í þrjár vikur að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir þátttakendum verkefnisins þau skilyrði sem hér fylgja, áður en mælitækin eru sett upp.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
 - Landverðir Öskju 8424357
 - Landverðir Snæfelli 8424367
 - Landverðir Þjórsárver 822 4085
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðin.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir stíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki að rannsókn lokinni.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð rannsóknarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vanda skal frágang og afmá öll ummerki verkefnisins að rannsóknartíma loknum.
- Allur akstur utan vega er óheimill.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Náttúruverndarstofnun óskar eftir því að fá aðgang að niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds ef þess verður óskað af hálfu stofnunarinnar.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni Náttúruverndarstofnunar.

Virðingarfyllt,

Agnes Brá Birgisdóttir

Þjóðgarðsvörður Vatnajökulspjóðgarði

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

teymisstjóri